

# Framboð til kirkjuþings

## Anna Hulda Júlíusdóttir

### 3. kjördæmi vígðra Hólakjördæmi

Ég býð mig fram til kirkjuþings fyrir Hólakjördæmi á komandi kjörtímabili, ég var varamaður á síðasta tímabili fyrir sama umdæmi.

Ég hef starfað á kirkjulegum vettvangi í um tvo áratugi og vígðist til þjónustu við orlofsbúðir eldri borgara á Löngumýri í mars 2020. Ég starfaði í sálgæsluteymi presta- og djákna á Landspítala Háskólasjúkrahúsi og í lok árs 2024 sinnti ég afleysingu í Ólafsfjarðarkirkju. Í dag starfa ég í Skagafjarðarprestakalli. Einnig starfa ég á hjúkrunarheimili og býð ég upp á sálgæsluþjónustu í Fjallabyggð og þjónusta þar Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis ásamt því að sinna sérverkefnum fyrir Sorgarmiðstöðina á Norðurlandi. Ég hef víðtæka reynslu og þekkingu og mjög góða tengingu inn í samfélagið á þessu svæði.

Mannauður kirkjunnar okkar er mér hugleikinn og mikilvægi þess að hópurinn okkar sé fjölbreyttur sem og náðargjafir okkar, og dýrmæti þess að hlúa vel að innviðum kirkjunnar. Í síbreytilegum veruleika þurfum við að halda í ákveðinn kjarna á meðan við sýnum hugrekki og vilji til að vaxa og dafna þegar við mætum þörfum samfélagsins.

Kirkjan okkar stendur frammi fyrir presta skorti á landsbyggðinni og tel ég mikilvægt að kirkjuþing horfi til menntamála og beiti sér fyrir breytingum sem gera landsbyggðar fólki kleift á að stunda meira fjarnám.

Einnig tel ég brýnt að djáknar eigi sér rödd á kirkjuþingi.



Það eru spennandi vaxtatímar innan kirkjunnar okkar og mig langar að leggja mitt að mörkum í stefnumótun til að efla og brúa bilið á milli kirkju og samfélags.

Því yrði ég þakklát fyrir þinn stuðning.

*Í 1. versni 12. kapítulans í Fyrri bréfs Páls til Korintumanna og víðar, þýðir gríska orðið karisma „gáfur andans.“ Guð hefur af gæsku sinni gefið lærisveinum Jesú, kirkjunni, ýmsar náðargáfur og lagt henni um leið sérstaka ábyrgð á herðar. Gáfur andans eiga að styrkja söfnuðinn í starfi, auðvelda honum að ná til nýrra félaga með fagnaðarerindið og gæða líkama Krists lífi, sem er í eðli sínu gleði, friður, þjónusta og tilbeiðsla (1.Kor 12-14).*